

**Ed.**

### **372. Tillaga**

til þingsályktunar um skipun millipinganeftar til þess að gera tillögur um launamál, starfsmannafækkun o. fl.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að kjósa nefnd, skipaða 5 mönnum, er rannsaki, eftir því sem við verður komið, og geri tillögur um:

1. Hvernig draga megi úr útgjöldum til embættis- og starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, með hliðsjón af fjárhagsgetu almennings í landinu. Sérstaklega skal nefndin taka til athugunar fækkun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana, samræming á launum þeirra, og að sú venja sé afnumin, að embættis- og starfsmenn þessir fái aukaborgun umfram föst laun fyrir vinnu, sem ætti að vera þáttur í embættis- eða sýslunarstarfi þeirra.
2. Hvort og hversu draga megi að öðru leyti úr beinum útgjöldum ríkissjóðs og rekstrarkostnaði ríkisstofnana.
3. Hvernig fyrir skuli koma löggjöf um launagreiðslur banka og þeirra stofnana, sem ríkið styrkir með fjárframlögum, enda verði launagreiðslur þessara stofnana með löggjöfinni samræmdar launagreiðslum ríkisins.
4. Hvernig samræma megi með atbeina löggjafar launagreiðslur einkafyrirtækja, sem ekki falla undir 3. tölulið, launagreiðslum ríkisins.
5. Hversu koma mætti við landaurareikningi um allar kaupgreiðslur til starfsmanna úr ríkissjóði, þar sem byggt yrði á grundvelli íslenzkrar afurðasölu. Skal nefndin hafa lokið störfum sínum svo snemma, að ríkisstjórninni vinnist tími til að leggja málið fyrir næsta reglulegt Alþingi.